

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2022  
Tilv.: 2202009

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld), 118. mál.**

Samkeppniseftirlitið vísar í tölvupóst nefndasviðs Alþingis, dags. 9. febrúar 2022, þar sem atvinnuveganefnd Alþingis veitti Samkeppniseftirlitinu færi á að veita umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld), 118. mál.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, þá er frumvarpið endurflutt frá fyrra þingi og hefur Samkeppniseftirlitið áður komið á framfæri umsögnum um efni þess.<sup>1</sup> Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins um frumvarpið á fyrri stigum kom m.a. fram að eftirlitið mælti sterkllega með því að frumvarpið verði að lögum. Áréttar Samkeppniseftirlitið því fyrri afstöðu sína, og þau sjónarmið sem finna má í umsögnum þess á fyrri stigum.

Frá því að Samkeppniseftirlitið sendi inn síðustu umsögn sína um frumvarpið, þann 25. nóvember 2020, hefur Hæstiréttur Íslands í millitíðinni staðfest 480 milljón króna sekt Mjólkursamsölnunar („MS“) vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum. Í [dóminum](#), frá 4. mars 2021, er staðfest að sú verðmismun sem Mjólka ehf. (og síðar Mjólkurbúið Kú ehf.) sættu af hálfu MS hafi verið veruleg, en þessi fyrirtæki hafi þurft að greiða allt að 17% hærra verð fyrir hrámjólk en Kaupfélag Skagfirðinga svf. („KS“) og dótturfélag þess. Taldi Hæstiréttur þessa mismunun hafa veitt KS og dótturfélagi þess óeðlilegt forskot í samkeppni og vegið mjög að samkeppnisstöðu keppnauta MS sem voru háð því um aðgang á mjólk.

Taldi Hæstiréttur Íslands jafnframt að MS hafi haft mikla þekkingu á mjólkuriðnaði og mjólkurviðskiptum og verið með yfirburðarstöðu á mjólkurmarkaði. Í því ljósi hafi sú háttsemi MS að mismuna viðskiptaaðilum og veita þeim ómálefnaleg viðskiptakjör, verið sérlega alvarleg og verði ekki réttlæt með vísan til ákvæða núgildandi búvörulaga. Í dóminum er jafnframt staðfest að MS hafi „af ásetningi“ leynt fyrir Samkeppniseftirlitinu gagni sem félaginu hafi mátt vera ljóst að hefði grundvallarþýðingu fyrir rannsókn málsins.

Að öðru leyti ítrekar Samkeppniseftirlitið sjónarmið sín úr eldri umsögnum.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið

<sup>1</sup> Sjá umsagnir um frumvarpið á fyrri stigum frá:  
25. nóvember 2020: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/151/151-537.pdf>,  
17. október 2019: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-159.pdf>,  
28. nóvember 2018: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-753.pdf>.